

LV-2018-074



Landsvirkjun



Sultartangastöð – aflaukning

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Sultartangastöð – aflaukning

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
1.1	Tilgangur og markmið.....	2
1.2	Samráð.....	3
2	Framkvæmdalýsing.....	3
2.1	Núverandi virkjun	3
2.2	Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd.....	3
2.3	Framkvæmdaraðili og ráðgjafi.....	4
2.4	Landeigendur.....	4
3	Skipulagsmál	4
3.1	Aðalskipulag.....	4
3.2	Deiliskipulag.....	4
4	Matsskylda framkvæmdar og leyfi	5
5	Mat á Umhverfisáhrifum	5
5.1	Landslag og jarðmyndanir	6
5.2	Vatnafar	6
5.3	Lífriki	9
5.4	Landnotkun.....	9
6	Niðurstaða	9
7	Viðaukar.....	10

1 Inngangur

1.1 Tilgangur og markmið

Landsvirkjun vill auka afl Sultartangastöðvar um allt að 8 MW sem felur í sér aukningu á rennsli úr 322 m³/s í allt að 380 m³/s. Gera þarf breytingar á vélbúnaði stöðvarinnar, en engar breytingar eða viðbætur eru gerðar á mannvirkjum og framkvæmdin felur ekki í sér jarðrask.

Með tilkomu stækkaðrar Búrfellsstöðvar, sem tekin var í notkun um mitt ár 2018, eykst virkjað rennsli Búrfellsstöðvar úr 288 m³/s í um 380 m³/s. Hámarksrennsli að Sultartangastöð er um 322 m³/s og komi til þess að keyra þurfi Búrfellsstöð á fullum afköstum verður að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að Ísakoti, inntaki Búrfellsstöðvar (mynd 1.). Við það mun vatn renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð. Að vetri til geta skapast talsverð vandamál við slíkar aðstæður þar sem snjóalög og ís eru í farvegi sem geta valdið krapaflóði og erfiðleikum við Ísakot og þar með rekstrartruflunum í Búrfellsstöð.



Mynd 1: Sultartangavirkjun – milli Sultartangalóns og Bjarnalóns

Eitt helsta stefnumál Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Aflaukning Sultartangastöðvar fellur vel að þessu stefnumáli fyrirtækisins.

Helstu markmið framkvæmdarinnar eru eftirfarandi:

Aukið rekstraröryggi:	Í heild eykst rekstraröryggi beggja stöðva þ.e. Búrfellsstöðvar og Sultartangastöðvar, sérstaklega að vetri til þegar farvegur Þjórsár er ísilagður.
Aukin samningsgeta:	17 GWh/a
Betri nýting auðlindarinnar:	Betri nýting á rennslisorkunni, en nú falla um 80 GWh/ári framhjá Sultartangastöð.


1.2 Samráð

Upplýsingar um náttúru svæðisins voru fengnar úr fyrirbyggjandi skýrslum Hafrannsóknastofnunar og Náttúrufræðistofnunar. Framkvæmdaráform hafa verið kynnt fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

2 Framkvæmdalýsing

2.1 Núverandi virkjun

Sultartangastöð er í Þjórsá um 15 km ofan við Búrfellsstöð. Virkjunin var byggð í lok síðustu aldar og tekin í notkun í lok árs 1999. Virkjunin nýtir vatn úr Sultartangalóni en Þjórsá og Tungnaá sameinast í Sultartangalóni fyrir ofan stöðina. Með Sultartangavirkjun er virkjuð fallhæðin á milli Sultartangalóns og Bjarnalóns sem er inntakslón Búrfellsvirkjunar, sjá nánar mynd 2.



Mynd 2: Afstöðumynd

Úr Sultartangalóni er vatni veitt um 3,4 km löng aðrennslisgöng í gegnum Sandafellið að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálpípur að hverflum í stöðvarhúsinu, en hverflarnir eru af Francis gerð. Frárennslisskurður (frávatnsskurður) sem er rúmir sjö kílómetrar að lengd liggur frá stöðvarhúsinu í rótum Sandafells og fylgir Þjórsá langleiðina að veitustíflu Búrfellsstöðvar (Ísakoti) þar sem hann liggur út í farveg Þjórsár.

2.2 Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd

Með stækkun Búrfellsstöðvar, sem byggð var á árunum 2016-2018 og nú er komin í rekstur skapaðist nokkurt ójafnvægi í rennsli á milli Sultartangastöðvar og Búrfellsstöðvar. Við stækkun Búrfellsstöðvar eykst afl hennar um 100 MW og virkjað rennsli Búrfellsstöðvar eykst úr 288 m³/s og verða um 380 m³/s. Virkjað rennsli Sultartangastöðvar er hins vegar um 322 m³/s. Komi til þess að keyra þurfi Búrfellsstöð á fullum afköstum verður að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að inntaki Búrfellsstöðvar. Við það mun vatn renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð. Að vetri til geta skapast vandamál við slíkar aðstæður þar sem snjóalög og ís eru í

farvegi sem geta valdið krapaflóði og erfiðleikum við Ísakot og þar með rekstrartruflunum í Búrfellsstöð.

Til að minnka rennsli framhjá Sultartangastöð sem mest og til að fá betri nýtingu á vatninu hefur Landsvirkjun látið ráðgjafa og framleiðanda vélbúnaðar skoða hvort mögulegt sé að auka rennsli í gegnum Sultartangastöðina. Ef miðað er við að jafnvægi sé á milli Búrfellsstöðvar og Sultartangastöðvar þarf að vera mögulegt að auka rennslið í Sultartangastöð úr 322 m³/s í allt að 380 m³/s. Umfang aflaukningarinnar er eftirfarandi:

- Auka rennsli úr 322 m³/s í 380 m³/s í núverandi vélum
- Gera þarf breytingu á núverandi vélbúnaði með lagfæringu á öxli vélarinnar. Einnig gerðar breytingar og lagfæringar á rafala. Úttekt á vél- og rafbúnaði liggur fyrir frá framleiðanda og er niðurstaðan sú að þetta sé mögulegt.
- Áætluð aukning í orkuframleiðslu er um 17 GWh/ári og aflaukning 8 MW (2x4 MW).
- Engar breytingar eða framkvæmdir yrðu gerðar á öðrum mannvirkjum en vél- og rafbúnaði. Jafnframt fæli þessi aðgerð ekki í sér neitt jarðrask.
- Engin merkjanleg breyting yrði á lónhæð Sultartangalóns né á sýnilegan vatnshraða í frárennisskurðum. Að sumarlagi (1. maí-30. september) yrði framhjárennsli í Þjórsá minna en nú er sem nemur að meðaltali um 10-20 m³/s á stuttum kafla milli Sultartangalóns og Bjarnalóns. Tímabil framhjárennslis yrði svipað. Meðalframhjárennsli er sýnt á mynd 5.

2.3 Framkvæmdaraðili og ráðgjafi

Framkvæmdaaðili er Landsvirkjun og er þessi tilkynning unnin þar.

2.4 Landeigendur

Áhrifasvæði aflaukningar Sultartangastöðvar er allt innan Þjóðlendumarka og þarf því að leita eftir leyfi forsætisráðuneytis sem umráðaaðila lands innan Þjóðlendu, til nýtingar lands- og vatnsréttinda fyrir aflaukningu Sultartangastöðvar.

3 Skipulagsmál

3.1 Aðalskipulag

Fyrir liggur samþykkt aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. (Skeiða og Gnúpverjahreppur, 2006) . Vinnu við aðalskipulag fyrir 2017-2029 er að mestu lokið og verður skipulagið auglýst fljótlega.

3.2 Deiliskipulag

Deiliskipulag fyrir Sultartangavirkjun liggur ekki fyrir. Í gildandi aðalskipulagi kemur eftirfarandi fram:

„Sultartangastöð og athafnasvæði hennar er skilgreint sem iðnaðarsvæði í bland við opin svæði til sérstakra nota. Æskilegt er að Landsvirkjun vinni sem fyrst rammaskipulag eða deiliskipulag fyrir svæðið í heild sinni, þar sem kveðið verði nánar á um afmörkun landnotkunar. Landnotkun aðalskipulagsins verði breytt í samræmi við þá afmörkun, þegar hún liggur fyrir, ef þurfa þykir. Ef unnið verður rammaskipulag fyrir svæðið verður að fylgja því eftir með gerð deiliskipulags, á helstu svæðum“.

4 Matsskylda framkvæmdar og leyfi

Landsvirkjun sendi Skipulagsstofnun fyrirspurn þann 14. júlí 2017 um hvort að breytingar á vél- og rafbúnaði sem leiðir til um 8 MW aflaukningar í Sultartangastöð og aukinnar orkuframleiðslu kalli á málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum (viðauki 1). Niðurstaða stofnunarinnar frá 7. september 2017 er að framkvæmdin falli undir tölulið 13.02 þar sem um er að ræða breytingar á framkvæmd og sé því tilkynningarskyld til stofnunarinnar til ákvörðunar um matsskyldu:

„13.02 Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.“

Framkvæmdir vegna aflaukningar Sultartangastöðvar eru háðar eftirfarandi leyfum:

- Orkustofnun veitir leyfi til að reisa og reka ný raforkuver (virkjunarleyfi) samkvæmt 4., 5. og 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Í þessu tilfalli er um að ræða breytingu á virkjunarleyfi. Landsvirkjun óskaði eftir áliti Orkustofnunar með bréfi, dagsettu 3.3.2017, á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi (viðauki 3). Í svari stofnunarinnar frá 7. september 2017 (viðauki 4) kemur fram að breytingin kalli á breytt virkjunarleyfi, hvort heldur breytingin er undir eða yfir 10 MW. Að auki þyrfti hún að fara í gegnum ferli rammaáætlunar, sé um að ræða aflaukningu um 10 MW eða meira.
- Byggingarfulltrúi veitir byggingarleyfi samkvæmt 9. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Forsætisráðuneyti heimilar nýtingu vatnsréttinda innan þjóðlendu skv. 3. gr. laga um þjóðlendu 58/1998.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstri sem getur haft í för með sér mengun samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðiseftirlit gefur út starfsleyfi fyrir tímabundna vinnuaðstöðu skv. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starsfleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig 5. og 17. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og IV. kafla reglugerðar nr. 797
- Fiskistofa veitir leyfi til framkvæmda sem geta haft áhrif á fiskgengd skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

5 Mat á Umhverfisáhrifum

Þann 11. nóvember 1996 tilkynnti Landsvirkjun embætti skipulagsstjóra ríkisins frummat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993. Skipulagsstjóri ríkisins birti sinn úrskurð þann 16. janúar 1997 þar sem fallist er á byggingu allt að 125 MW Sultartangavirkjunar. Var þetta jafnframt í fyrsta skipti sem Landsvirkjun lét framkvæma mat á umhverfisáhrifum.

Eins og fram kemur í kafla 2. þá eru engar breytingar eða framkvæmdir á mannvirkjum vegna aflaukningar. Verkefnið felur í sér breytingar á vél- og rafbúnaði sem m.a. felur í sér slípun hverfla -og rafalaöxuls auk lagfæringa á rafala sem eingöngu eru framkvæmdar inn í stöðvarhúsi virkjunarinnar.

Umhverfisáhrif utanhúss á framkvæmdatíma verða engin því framkvæmdin felur aðeins í sér breytingu á vél- og rafbúnaði innanhúss og felur ekki í sér neitt jarðrask. Helsta breytingin yrði á rekstartíma en framhjárennsli í Þjórsá minnkar að sumarlagi (1. maí -30. september) um 10-20 m³/s miðað það sem nú er, en tímabil framhjárennslis yrði svipað. Um er að ræða farveg Þjórsár frá

Sultartangalóni að inntaksmannvirkjum Búrfellsvirkjunar við Ísakot eða um 10 km leið. Engin merkjanleg breyting yrði á lónhæð í Sultartangalóni né á straumhraða í frárennisskurði.

Grunnástand framkvæmda- og áhrifasvæðis er hægt að lýsa á þann veg að um er að ræða svæði þar sem virkjun hefur verið byggð og er í rekstri. Rask umfram það sem þegar er orðið verður ekkert og eina breytingin verður breyting á rennsli í farvegi Þjórsár á kaflanum framhjá virkjuninni. Engir framkvæmdaþættir hafa áhrif á verkið.

Helstu umhverfispættir sem lagðir eru til grundvallar er landslag og jarðmyndanir, vatnafar, lífríki og landnotkun.

Engar rannsóknarskýrslur hafa verið gerðar vegna þessarar tilkynningar enda ekki um rask eða áhrif á umhverfi að ræða.

5.1 Landslag og jarðmyndanir

Framkvæmd mun ekki hafa áhrif á landslag og jarðmyndanir. Framkvæmdin er innandyrá í stöðvarhúsi virkjunarinnar og mun því ekki hafa áhrif á landslag eða jarðmyndanir á svæðinu. Í rekstri mun meira vatn renna um frárennisskurð frá virkjun og gæti þannig fræðilega séð aukið rof í bökkum skurðarins. Rof á bökkum skurðar hefur átt sér stað og var strax brugðist við með viðgerðum og fyrirséð er að víðar þurfi að styrkja bakka skurðar. Það er hinsvegar hluti af núverandi rekstri og nýjar styrkingar munu verða gerðar með það í huga að skurður þurfi að flytja meira vatn.

Þar sem hægt er að taka meira vatn í gegnum vélar stöðvarinnar eftir breytingar, verður hægt að hækka eða lækka vatnsborð Sultartangalóns hraðar án þess að nota botnlokur. Breytingar á vatnsborði lónsins eru samt háðar fastbundnum takmörkunum sem í dag eru 25 cm á klukkustund í hækkun en 300 cm á klukkustund í lækkun. Þessar fastbundnu takmarkanir munu ekki breytast við breytingar á vélum Sultartangastöðvar.

5.2 Vatnafar

Breytingar á vatnafari munu helst verða að magn framhjárennslis mun minnka enda er markmiðið að nýta það vatn sem rennur framhjá betur en gert er í dag.


Áhrif verkefnisins á vatnshlotið eru að sumarlagi (maí-september) og yrði framhjárennsli í Þjórsá minna en nú er sem nemur að meðaltali um 10-20 m³/s á stuttum kafla milli Sultartangalóns og Bjarnalóns. Breytingar á meðalrennsli eru sýndar á mynd 5.



Mynd 3: Yfirlitsmynd af Sultartangavirkjun – Milli Sultartangalóns og Bjarnalóns vatn á farvegi Bjórsár - framhjárennslí



Mynd 4: Loftmynd af virkjunarsvæði: Ekki rennslí í farvegi Bjórsár.



Mynd 5: Meðalframhjárrennsli Sultartanga fyrir mismunandi rennslisgetu. Eins og sjá má er mest framhjárrennsli á vorin og á haustin, þegar mikið óreglað vatn rennur niður Þjórsársvæðið. Annars vegar eru það leysingar en á haustin getur fylling Þórisvatns einnig haft áhrif til aukningar sem og jökulbráð og úrkomutímabil.

5.3 Lífríki

Ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum á lífríki vegna breytinga á Sultartangastöð. Tími framhjárennslis í gamla farveg Þjórsár mun stytast og vatn fer þar um færri daga ársins en áður. Þar eru í dag hins vegar margir dagar á ári án rennslis og því ekki um eiginlegt vatnalíf að ræða.

Breytingar munu ekki hafa áhrif á gróður eða fugla. Strandlína lónsins mun ekki breytast við framkvæmd og engin gróður eða búsvæði fugla munu fara undir vatn. Vatn mun aukast í frárennisskurði en þar eru ekki búsvæði gróðurs eða fugla og því engin áhrif vegna þess.

5.4 Landnotkun

Landnotkun mun ekki breytast við framkvæmd. Engir nýir vegir verða gerðir og engir vegir verða aflagðir. Ferðabjónustuaðilar munu ekki taka eftir breytingum.

Beitarlönd munu ekki breytast við framkvæmd.

6 Niðurstaða

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir þeim áhrifum sem aflaukning Sultartangastöðvar um allt að 8 MW hefur í för með sér. Um er að ræða breytingu á vél- og rafbúnaði og eru engar framkvæmdir á mannvirkjum og því ekki um að ræða neitt jarðrask. Umhverfisáhrif utanhúss á framkvæmdatíma verða því engin. Helsta breytingin yrði á rekstartíma en framhjárennslis í Þjórsá minnkar að sumarlagi (1. maí -30. september) um 10-20 m³/s miðað það sem nú er, en tímabil framhjárennslis yrði svipað. Um er að ræða farveg Þjórsár frá Sultartangalóni að inntaksmannvirkjum Búrfellsstöðvar við Ísakot eða um 10 km leið. Engin merkjanleg breyting yrði á lónhæð í Sultartangalóni né á straumhraða í frárennisskurði.

Landsvirkjun telur að aflaukning Sultartangastöðvar hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér og ætti því ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

7 Viðaukar

1. Bréf til Skipulagsstofnunar, dagsett 14.7.2017, varðandi Sultartangavirkjun-breytingar á vél- og rafbúnaði.
2. Bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 7. September 2017, varðandi Sultartangastöð-breytingar á vél- og rafbúnaði. Fyrirspurn um málsmeðferð.
3. Beiðni um álit Orkustofnunar á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi, dagsett 3.3.2017.
4. Álit Orkustofnunar á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi, dagsett 9. Mars 2017.



Landsvirkjun
Albert Guðmundsson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Viðauki 2

Reykjavík, 7. september 2017
Tilvísun: 201701015 / 2.8.2

Efni: Sultartangastöð – Breytingar á vél -og rafbúnaði. Fyrirspurn um málsmeðferð

Vísað er til fyrirspurnar Landsvirkjunar dags. 14. júlí 2017 um hvort að breytingar á vél- og rafbúnaði sem leiðir til um 8 MW aflaukningar í Sultartangastöð og aukinnar orkuframleiðslu kalli á málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í erindinu kemur fram að með stækkun Búrfellsvirkjunar sé fyrirséð að nokkurt ójafnvægi verður í rennsli á milli Sultartangastöðvar og Búrfellsstöðvar. Komi til þess að keyra þurfi Búrfellsvirkjun á fullum afköstum verði að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að Ísakoti inntaki Búrfellsvirkjunar og muni vatn því renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð.

Fram kemur að til að minnka rennsli framhjá Sultartangastöð sem mest og til að fá betri nýtingu á vatninu hafi Landsvirkjun í hyggju að auka rennslið í Sultartangastöð og sé tveir kostir til skoðunar.

Annars vegar að auka rennsli úr $322 \text{ m}^3/\text{s}$ í $380 \text{ m}^3/\text{s}$ í núverandi vélum sem kallar á óverulega breytingu á núverandi vélbúnaði og muni áætluð aukning í orkuframleiðslu verða um 17 GWh/ári og aflaukning 8 MW (2x4 MW). Engar breytingar eða framkvæmdir yrðu gerðar á mannvirkjum og ekkert jarðrask eða merkjanleg breyting á lónshæð í Sultartangalóni né á vatnshraða í frárennisskurðum. Að sumarlagi (1. maí-30.september) yrði framhjárennsli í Þjórsá minna en nú er sem nemur að meðaltali um $10\text{-}20 \text{ m}^3/\text{s}$. Tímabil framhjárennslis yrði svipað.


Hins vegar er um að ræða að auka rennslið í allt að $400 \text{ m}^3/\text{s}$ og sé áætluð aukning í orkuframleiðslu um 28 GWh/ári og aflaukning 8 MW. Skipt yrði um vatnshjól í vélum stöðvarinnar, aðrennslisgöng virkjunarinnar stækkuð (víkkuð) úr 152 m^2 í um 192 m^2 og muni u.þ.b. 143.000 m^3 af efni falla til við þær framkvæmdir sem komið verði fyrir á fyrri haugsvæðum norðaustan við stöðina. Eins og í fyrria tilfelinu yrði engin merkjanleg breyting á lónshæð í Sultartangalóni né breyting á vatnshraða í frárennisskurðum og minnkað framhjárennsli í Þjórsá yrði sambærilegt.

Niðurstaða.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir erindi Landsvirkjunar og telur óhjákvæmilega að báðir valkostir sem fyrirtækið kynnir falli undir tölulíð 13.02 þar sem um er að ræða breytingar á framkvæmd og sé því tilkynningarskyld til stofnunarinnar til ákvörðunar um matsskyldu. Í báðum tilfellum er um að ræða aukna orkuframleiðslu um 17-28 GWh/ári auk aflaukningar og minnkað rennsli í Þjórsá á kafla og í því seinna jafnframt haugsetningu efnis. Þann 31. mars 2016 afgreiddi Skipulagsstofnun svipaða fyrirspurn frá Landsvirkjun um breytingar á Sigöldustöð þar sem niðurstaðan var að þær breytingar kölluðu ekki á málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sú niðurstaða byggðist á því að

þrátt fyrir að aflaukning yrði mun meiri en í tilfelli Sultartangastöðvar þá væri ekki um að ræða aukna orkuframleiðslu og ekki breytingar á mannvirkjum virkjunarinnar og þrátt fyrir rennslisaukningu að vélum þá yrði ekki gert ráð fyrir auknum vatnsborðssveiflum í Krókslóni og meiri vatnshraði sem verður í skurðum yrði vart merkjanlegur. Þó að svipað sé uppi á teningnum í tilfelli Sultartangavirkjunar hvað varðar lón og vatnshraða þá telur stofnunin að þær framkvæmdir kunni að hafa neikvæð áhrif á umhverfið þar sem um er að ræða minnkandi rennsli Þjórsár, framkvæmdir við víkkun aðrennslisganga og haugsetning efnis auk þess sem verið er að auka orkuframleiðslu Sultartangastöðvar.


Jakob Gunnarsson



Viðauki 3

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 3.3.2017
Tilvísun vor: 2016-057 / 00.03.03

Efni: **Beiðni um álit Orkustofnunar á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi**

Þann 12. mars 1997 veitti iðnaðarráðherra virkjunarleyfi fyrir allt að 125 MW Sultartangavirkjun ásamt aðalorkuveitum. Sultartangavirkjun var gangsett á árinu 1999 og er staðsett um 15 km fyrir ofan Búrfellsvirkjun í Þjórsá.

Með lögum nr. 60/1981 um raforkuver var Landsvirkjun veitt heimild til að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli. Þá var með lögum nr. 74/1990 gerð breyting á lögum nr. 60/1981 um raforkuver. Í breytingunum fólust heimildir fyrir Landsvirkjun til þess að reisa og reka Sultartangavirkjun með allt að 130 MW afli.


Landsvirkjun vinnur nú að virkjunarframkvæmdum við stækkun Búrfellsvirkjunar samkvæmt virkjunarleyfi dagsettu þann 9. september 2015. Með stækkun Búrfellsvirkjunar er fyrir séð að nokkurt ójafnvægi verði í rennsli á milli Sultartangastöðvar og Búrfellsstöðvar. Við stækkun Búrfellsvirkjunar mun afl aukast um 100 MW og virkjað rennsli Búrfellsvirkjunar aukast úr 288 m³/s og verða samtals um 380 m³/s. Virkjað rennsli Sultartangastöðvar er hinsvegar um 316 m³/s.

Komi til þess að keyra þurfi Búrfellsvirkjun á fullum afköstum verður að hleypa vatni um farveg Þjórsár frá Sultartangalóni framhjá Sultartangastöð að Ísakoti, inntaki Búrfellsvirkjunar. Við það mun vatn renna óvirkjað framhjá Sultartangastöð.

Til að minnka rennsli framhjá Sultartangastöð sem mest og til að fá betri nýtingu á vatninu hefur Landsvirkjun látið skoða hvort mögulegt sé að auka rennsli í gegnum Sultartangastöð. Ef miðað er við að jafnvægi sé á milli stöðvanna þarf að vera mögulegt að auka rennslið í Sultartangastöð úr 316 m³/s í 380-400 m³/s. Í þessu sambandi hafa tveir valkostir verið til skoðunar:

- Valkostur 1: Auka rennsli úr 320 m³/s í um 380 m³/s í núverandi vélum, en með lagfæringum á rafölum. Úttekt á vél- og rafbúnaði liggur fyrir frá framleiðanda og er niðurstaðan sú að þetta sé mögulegt með minniháttar lagfæringum á búnaði.
- Valkostur 2: Auka rennsli úr 320 m³/s í allt að 400 m³/s. Skipt yrði um vatnshjól í vélum stöðvarinnar og fá vatnshjól með betri nýtni og breiðara keyrslusvið. Þá hafa verið skoðaðar hugmyndir um stækkun aðrennslisganga virkjunarinnar á bilinu 20 – 80 m² í aukningu þverskurðarflatarmáls.

Með auknu rennsli í gegnum virkjunina getur afl hennar orðið allt að 140 MW. Landsvirkjun óskar hér með eftir áliti Orkustofnunar á því hvort ofangreindir valkostir



rúmist innan gildandi virkjunarleyfis vegna ofangreindrar aflaukningar úr 125 MW í 140 MW, eða hvort að slíkir valkostir kalli á viðbótar eða nýtt virkjunarleyfi.

Landsvirkjun áformar að gera nauðsynlegar breytingar á búnaði Sultartangastöðvar sumarið 2018 eða 2019 reynist það hagkvæmt og að fyrir liggi öll tilskilin leyfi.

Óski Orkustofnun eftir frekari upplýsingum eða skýringum vinsamlega hafið samband við Albert Guðmundsson, verkefnisstjóra á Þróunarsviði Landsvirkjunarsími 5159000 eða netfangið albert.gudmundsson@landsvirkjun.is.

Virðingarfyllt

Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Albert Guðmundsson
verkefnisstjóri

Hjálagt: Virkjunarleyfi gefið út af Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti 12. mars 1997



Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Dagsetning
12. mars 1997

Málsnúmer / Bréfalykill
97010129
20.010

MÓTTEKID

13 MAR 1997

LANDSVIRKJUN

Ráðuneytið vísar til bréfs Landsvirkjunar dags. 31. janúar 1997 þar sem farið er fram á virkjunarleyfi fyrir Sultartangavirkjun. Með úrskurði skipulagsstjóra ríkisins dags. 17. janúar 1997 er virkjun heimiluð með tilliti til umhverfismats. Þá hefur ráðuneytinu borist umsögn Orkustofnunar þar sem mælt er með því að umbeðið virkjanaleyfi verði veitt. Iðnaðarráðherra hefur samkvæmt þessu fallist á áform Landsvirkjunar um virkjun við Sultartanga á ármótum Þjórsár og Tungnaár og er Landsvirkjun hér með veitt virkjunarleyfi fyrir allt að 125 MW Sultartangavirkjun ásamt aðalorkuveitum, samkvæmt 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun nr. 42/1983.

Í samræmi við c-lið 1. málsg. 144. gr. vatnalaga nr. 15 frá 20. júní 1923, sbr. a-lið 1. málsg. 133. gr. sömu laga mun ráðuneytið í framhaldi af útgáfu leyfis þessa birta auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu varðandi hina ráðgerðu virkjun, þar sem þeim, er hagsmuna eiga að gæta, er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við virkjunaráformin. Er leyfi þetta bundið því skilyrði, að Landsvirkjun ábyrgist úrlausn þeirra mála, sem kunna að rísa vegna þeirra athugasemda.

Trinnur Eðfur

Hallur J. Kristjánsson

Landsvirkjun
Óli Grétar Blöndal Sveinsson
Háaleitisbraut 68
103 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2017
Tilvísun: OS2017030018/50.4.4
Verknúmer: 1103000

Efni: Álit Orkustofnunar á því hvort tillögur um aflaukningu Sultartangastöðvar kalli á breytingu á virkjunarleyfi

Orkustofnun vísar til erindis Landsvirkjunar dags. 3. mars s.l. um álit Orkustofnunar á því hvort aflaukning Sultartangavirkjunar kalli á breytingu á virkjunarleyfi.

Orkustofnun bendir á að nemi stækkunin undir 10 MW að rafaflí, þannig að virkjunarleyfi yrði endurnýjað úr 130 MW í ástimplað afl undir 140 MW, er stækkun virkjunarinnar tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, en framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B og flokki C í 1. viðauka við þau lög skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Að fenginni afstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu tæki Orkustofnun umsókn um stækkun til málsmeðferðar samkvæmt ákvæðum raforkulaga nr. 65/2005 að uppfylltum skilyrðum þeirra laga um virkjunarleyfi.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, m.s.br. er kveðið á um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. Viðauka við lögina skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Það á m.a. við um vatnsorkuorkuver með 10 MW uppsett rafafl eða meira sbr. 1. Viðauka 3.02

Áætlaða framkvæmd vegna virkjunar eða stækkun virkjunar til orkuvinnslu á tilgreindum virkjunarstað verður að meta sem nýjan virkjunarkost, eins og hann er skilgreindur samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammáætlun). Stækkanir á virkjunum sem þegar eru starfræktar, sé stækkunin umfram 50 MW í varmaafli eða með 10 MW uppsett rafafl eða meira, falla undir ákvæði þeirra laga og eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og hafa uppsett rafafl 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Hún tekur þó ekki til stækkunar á virkjun nema stækkunin feli í sér matsskyldar framkvæmdir samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða úrskurði þess ráðherra sem fer með skipulagsmál, sbr. 2. ml. 3. mgr. 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Um ákvæðið segir svo í athugasemdum við frumvarp til laganna:

Í mörgum tilvikum fela slíkar stækkanir ekki í sér nema takmarkaðar breytingar á þeim mannvirkjum sem þegar hafa verið reist en geta þó aukið afl virkjunar talsvert meira en áðurgreind mörk. Stækkun getur þó einnig falið í sér viðamiklar framkvæmdir sem rétt er að fjalla um sem sérstakan virkjunarkost. Í frumvarpinu er leitast við að byggja eins og kostur er á gildandi stjórnsýsluferlum og er í þeim anda lagt til að í þessum efnum verði byggt á áðurgreindum viðmiðum laga nr. 106/2000 og þeim stjórnsýsluferlum sem lögina mæla fyrir um. Ef um matsskylda framkvæmd er að ræða ætti hún að koma til umfjöllunar í verkefnisstjórninni og Alþingi að taka afstöðu til hennar. Falli hún í nýtingarflokk áætlunarinnar þyrfti þá ekki aftur að taka afstöðu til matsskyldu hennar heldur gæti hún farið beint í umhverfismat.

Við síðustu breytingu á 1. viðauka við lög nr. 106/2000 var ákvörðunarvald Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu stækkana á virkjunum 10 MW eða meira tekið úr sambandi og sú skylda gerð fortakslaus, eins og að framan greinir. Í ljósi ofanritaðs þyrfti fyrirhugð stækkun Sultartangavirkjunar, sé um að ræða aflaukningu í virkjunarleyfi um 10 MW eða mera að rafafli, að fara fyrir verkefnistjórn til meðhöndlunar í næsta áfanga rammaáætlunar, en beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skal send Orkustofnun sbr. 2. mgr. 9.gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun.

Það er því niðurstaða Orkustofnunar, að breytingin kalli á breytt virkjunarleyfi, hvort sem breytingin er undir eða yfir 10 MW. Að auki þyrfti hún að fara í gegnum ferli rammaáætlunar, sé um að ræða aflaukningu um 10 MW eða meira.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Erla Björk Þorgeirsdóttir



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

